

stiptamtmaður, að skýra stjórnarráðinu frá álitum yðar um það, og skal þess getið um leið, að það er vitaskuld, að mikið er undir komið því, hvernig komið er að orði í byggingarbréfum leiguliðanna.

1868.

21. oktr.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um eptirstöðvar af jarðarafgjöldum á Vestmannaeyjum.

28. oktr.

Með bréfi dagsettu 17. f. m. hefir reikningastjórnardeild konungsríkisins sent hingað eptirrit af útásetningunum um reikninginn fyrir tekjunum af jarðagózinu á Vestmannaeyjum fjárhagsárið 1866—67; er þar vikið á reglurnar um formið fyrir því, hvernig eigi að tilfæra skuldir hjá leiguliðunum í reikningnum, um heimildina, sem útheimtist til að skuldir megi hverfa úr reikningnum, og um aðferðina, er á að hafa við að heimta skuldirnar saman. Reikningastjórnardeildin hefir þar næst látið álit sitt í ljósi um ýmsa galla á skipulagi því, sem nú er á þessu, og skotið til úrlausnar stjórnarráðsins, sumpart hvort sá, er reikninginn semur, megi láta skuldir þær falla, er sannað verður um með staðfestu eptirriti af fógatabókinni, að ekkert hafi fundizt hjá hlutaðeiganda gjaldþegni til að gjöra í fjárnám, sumpart hvort nokkrar skuldir frá árunum 1865—66 og 1866—67, hinar fyrri 330 rd. 82. sk. og hinar síðari 185 rd. 89 sk. að upphæð, megi falla niður.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að þeirri spurningu, hvort þær skuldir megi hverfa úr reikningunum, er til ónýtis hefir verið reynt að heimta með fjárnámi, skal svarað með jákvæði, og er það enn fremur álit stjórnarráðsins, að það verði að vera á valdi umboðsmanns að tiltaka eptir öllum atvikum, hvenær fjárnámið skuli gjört, einasta að hið lögboðna 2 ára tímabil sé ekki umliðið, og að það sömuleiðis eigi að vera á hans valdi að ráða úr, eptir því hvað ríkissjóðnum er mest í hag í hvert skipti, hvort leiguliðum þeim, sem ekki eru fullveðja og ekki geta sett veð eða ábyrgð fyrir skuldum

1868.
28. oktbr.

sinum, skuli byggt út, því að ef sú regla væri sett, að öllum leiguliðum, er svona væri ástatt fyrir, skyldi byggt út tafarlaust, þá gæti svo farið, ef nokkur fiskileysisár kæmu hvert ofaná annað, að mikill hluti leiguliðanna yrði að fara burt af býlum sínum. Um leið og leyft skal, að hinar ófáanlegu skuldir frá árunum 1865—66 og 1866—67, sem um er getið hér að framan, megi falla niður, skal því að endingu við bætt, að stiptamt-manninum yfir Íslandi hefir verið skrifað í dag um, hvort ekki þækti tiltækilegt að gjöra ráðstafanir til, að Opið bréf 14. maí-mán. 1834 um heimtingu skulda, sem eiga forgöngurètt, verði leidd í lög á Íslandi.

20. nóvbr. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um gufuskipssferðirnar millum Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.**

Um leið og vèr sendum aptur álitsskjal það með fylgiskjali, er hingað barst með bréfi fjárstjórnarinnar 16. þ. m., frá aðal-forráðamanni pósthafna, þar sem lagt er til með þeirri uppástungu, er dómsmálastjórnin hafði borið upp, að leggja gufuskipssferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands undir yfirstjórn pósthafnarinnar, og er þar ítarlega lagt niður, hvernig skipulagið ætti að vera, skulum vèr svara því, að dómsmálastjórnin hefir ekki fyrir sitt leyti neitt á móti skipulagi því, sem þar er um rædt, en þó þykir vert að leiða athygli að þeim atriðum, er nú skal greina:

að þar sem svo er fyrir mælt í samningnum við „hið sameinaða gufuskipafélag“ um gufuskipssferðirnar, að honum skuli sagt upp innan ársloka, þykir dómsmálastjórninni mikils um vert, að hið nýja skipulag verði komið í kring áður en þetta ár er liðið;

að á næsta fjárhagsári að minnsta kosti eins og að undanfögnu (smbr. t. a. m. frumvarpið til fjárhagslaganna, sem nú er hjá ríkisþinginu, 20. gr. VIII B) verður að hugsa um að